

**3602. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 11. september 2025 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2505217 - Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027-2029

Fastur fundarliður bæjarráðs fram að samþykkt fjárhagsáætlunar.

Bæjarráð leggur áherslu á að fagræð yfirfari gjaldskrár sem falla undir þeirra málefnasvið og skili af sér tillögum til bæjarráðs.

Bæjarráð leggur áherslu á að tímamörk sem fjármáladeild hefur sett forstöðumönnum vegna vinnu launaáætlana og vinnubóka haldist.

Bæjarráð leggur til að næsti vinnufundur bæjarfulltrúa um fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun verði 25. september nk. kl. 16:30 og óskar eftir að fundarboð verði sent út sem fyrst.

Samþykkt 3:0

2. 2312188 - Úttekt á rekstri og fjárhag

Áframhaldandi vinna með KPMG.

Bæjarráð felur sviðsstjórum að taka saman yfirlit aðgerða sem ráðist hefur verið í og fjárhagsleg áhrif þeirra.

Samþykkt 3:0

3. 2508167 - Haustþing SSV 2025 - fundarboð

Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 2025 - fundarboð.

Þingið verður haldið miðvikudaginn 24. september nk. á Garðavöllum á Akranesi.

Dagskráin hefst kl. 09:30 og áætlað að þingið standi yfir til kl 18:00.

Seturétt eiga fulltrúa sveitarfélaganna sem kosnir eru fulltrúar á aðalfund SSV sbr. 5. gr. laga SSV.

Á fundinum verða lagðar fram fjárhags- og starfsáætlanir fyrir SSV árið 2026.

Áætlanir verða senda til sveitarfélaganna fyrir þingið.

Lagt fram.

Fulltrúar Akraneskaupstaðar á haustþinginu verða bæjarfulltrúarnir:

Ragnar B. Sæmundsson, Líf Lárusdóttir, Valgarður L. Jónsson, Einar Brandsson og Liv Áse Skarstad.

Haraldur Benediktsson bæjarstjóri situr einnig þingið.

4. 2411163 - Samræmd móttaka flóttafólks - samningur 2025

Tillögur liggja fyrir í frumvarpi til laga um breytingar á verkefnaskipan í móttöku flóttafólks á milli ríkis og sveitarfélaga. Ekki liggur hins vegar fyrir hvernig samning ríkið mun bjóða sveitarfélögum vegna samræmdrar móttöku á næsta ári. Beiðnin felst í að tryggja fast 80% stöðugildi fagaðila í ráðgjafadeild óháð samningum við ríkið. Minnisblað starfsmanna lagt fram.

Á fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 02.09.25 var eftirfarandi bókað: Velferðar- og mannréttindaráð leggur áherslu á mikilvægi þess að viðhalda stöðugleika í velferðarþjónustustu sveitarfélagsins og er því fylgjandi því að leitað verði allra leiða til að tryggja áfram 80% stöðugildi sérfræðings í ráðgjafadeild.

Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs situr fundinn undir þessum dagskrárlið sem og undir lið nr. 5.

Bæjarráð leggur áherslu á að þrýst verði á ríkið um að veita skýr svör um tilhögun og efnisinnihald samninga á árinu 2026 vegna samræmdar móttöku flóttafólks áður en endanleg ákvörðun um umbeðið stöðugildi verði afgreidd.

Málinu frestað til næsta fundar bæjarráðs.

Samþykkt 3:0

5. 2401211 - Akstursþjónusta Akraneskaupstaðar 2024

Lokadrög gagna vegna útboðs á akstursþjónustu Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.

Á fundi velferðar- og mannréttindaráðs 2. september sl. var eftirfarandi bókað: Velferðar- og mannréttindaráð gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi drög.

Bæjarráð hefur uppi ýmsar athugasemdir og vangaveltur varðandi útboðsdrögin.

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar bæjarráðs.

Samþykkt 3:0

Hildigunnur Árnadóttir vísar af fundi.

6. 2505171 - Sementsreitur útboð á byggingarrétti C4 og E

Ekki bærust tilboð í byggingarrétt á Sementsreit að þessu sinni. Frekari úrvinnslu málsins er vísað til bæjarráðs.

Halla Marta Árnadóttir situr fundinn undir þessum dagskrárlið sem undir lið nr. 7.

Bæjarráð frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar bæjarráðs.

Samþykkt 3:0

7. 2509058 - Úthlutun lóðar Sementsreitur A og B.

Sementsreitur, reitur A og reitur B.

Ákveða þarf fyrirkomulag úthlutunar (útdráttur eða útboð).

Bæjarráð samþykkir að lóðirnar fari í hefðbundna úthlutun skv. reglum Akraneskaupstaðar (útdráttur) og felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs frekari undirbúning málsins.

Samþykkt 3:0

Halla Marta Árnadóttir vikur af fundi.

8. 2509001 - Opnunartímar á Bókasafni Akraness - Tillaga af breytingu

Menningar- og safnanefnd samþykkir lokun á Bókasafninu 16. og 17. október 2025 vegna Landsfundar Upplýsingar (ráðstefna um bókasafna- og upplýsingamál) og alþrifa húsnæðisins og málinu vísað áfram til bæjarráðs til upplýsinga.

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundinn undir þessum dagskrárlið sem og undir liðum nr. 9 og nr. 10.

Lagt fram.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða lokun safnsins vegna alþrifa.

Samþykkt 3:0

9. 2506125 - Golfklúbburinn Leynir - æfingaaðstaða innanhúss

Málið hefur verið til meðferðar í stjórnarsýslu Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð felur sviðsstjórum stjórnarsýslu- og fjármálasviðs og skóla- og frístundasviðs að vinna drög að samningi um húsnæðisstuðning vegna æfingaaðstöðu fyrir börn- og ungmenni hjá GL sem einnig nýtist FEBAN og Sprækum Skagamönnum.

Samþykkt 2:1

Gert er ráð fyrir að samningurinn um húsnæðisstuðning komi fyrir næsta fund bæjarráðs eða svo fljótt sem hann verður tilbúinn.

10. 2509072 - Íþrótt- og heilsuvika FVA - íþróttavika Evrópu

Fjölbrautarskóli Vesturlands stendur fyrir íþrótt- og heilsuviku í tengslum við íþróttaviku Evrópu á vegum ÍSÍ. Óskað er eftir að nemendum og starfsfólki skólans geti sótt sund sér án kostnaðar dagana 23. og 24. september n.k.

Bæjarráð samþykkir að nemendur og starfsfólk Fjölbrautarskólans á Akranesi fái gjaldfrjálsan aðgang í sundlaugina á Jaðarsbökkum í tvo daga í tengslum við íþróttaviku Evrópu á vegum ÍSÍ nú í september en að samráð verði haft við forstöðumann íþróttamála og íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar um framkvæmdina.

Samþykkt 3:0

Dagný Hauksdóttir vikur af fundi.

11. 2508147 - Fyrirspurn um samstarf og fjárframlög Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar

Drög að svari lögð fram.

Bæjarráð felur sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs að fullvinna svarið og senda til fyrirspyrjanda.

Samþykkt 3:0

12. 2508165 - Styrkbeiðni vegna æfingaferðar til Noregs 9.-12. október

Styrkbeiðni vegna æfingaferðar tíu ungmenna til Noregs dagana 9.-12. október.

Bæjarráð getur því miður ekki orðið við erindinu.

Samþykkt 3:0

13. 2509013 - Stígamót - styrkbeiðni vegna rekstrar árið 2026

Stígamót - styrkbeiðni vegna rekstrar árið 2026.

Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2026.

Samþykkt 3:0

14. 2509056 - Kvennaathvarfið - rekstrarstyrkur fyrir árið 2026

Erindi frá Kvennaathvarfi - rekstrarstyrkur fyrir árið 2026.

Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2026.

Samþykkt 3:0.

15. 2509071 - Umsókn um styrk

Styrkbeiðni vegna tækjakaupa.

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar bæjarráðs.

Samþykkt 3:0

16. 2509064 - Umsókn um styrk - Félag fósturforeldra

Styrkbeiðni - Félag fósturforeldra

Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2026.

Samþykkt 3:0.

17. 2509070 - Aggapallur - ósk um samstarf og nýtingu húsnæðis

Samstarf og nýting á Aggapalli ásamt nýtingu á aðstöðunni á Aggapalli

Bæjarráð er jákvætt fyrir hugmyndinni og felur bæjarstjóra að eiga samtal við umsækjendur og vinna drög að leigusamningi.

Málið verður tekið fyrir að nýju á næsta fundi bæjarráðs.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:05.